

ÁRSSKÝRSLA 2024

Héraðsskjalasafn
Skagfirðinga



UM GILDI MENNINGAR OG FRÆÐA

UM SAMSPIL MENNINGAR, LISTA OG FRÆÐA

Fljótlega eftir að ég hóf störf á héraðsskjalasafninu sótti ég námskeið hjá virtum erlendum forverði um umhirðu og varðveislu ljósmynda. Í umræðum þátttakenda bar nokkuð á kvörtunum um skilningsleysi stjórnvalda á mikilvægi menningararfsins. Þessi ágæti forvörður virtist lítið vorkenna okkur og spurði hvað **við** hefðum gert til að benda stjórnvöldum á þennan vanda. Hann benti okkur jafnframt á þá staðreynd að þetta væri okkar meginhlutverk sem vörslu- og umsjónarmenn menningararfsins - það myndi enginn annar gera það. Starfinu fylgir nefnilega sú mikla ábyrgð að berjast fyrir því að menningararfurinn verði aðgengilegur komandi kynslóðum um ókomna tíð.

Á síðustu árum (ef ekki áratugum) hafa forstöðumenn safna í Skagafirði barist fyrir bættri aðstöðu, sérstaklega auknu varðveislurými sem er forsenda allrar safnastarfssemi. Ef við getum ekki varðveitt menningararfinn og uppfyllt þær lagaskyldur sem stjórnvöld hafa sett söfnum þá er sjálfhætt allri safnastarfssemi hér í Skagafirði. Þar með væri horfinn gríðarlega mikilvægur þáttur í sögu og sjálfsímynd Skagfirðinga. Til allrar hamingju tókst sveitarstjórn Skagafjarðar að semja við ríkið um byggingu menningarhúss á Sauðárkróki sem myndi einnig hýsa varðveislurými fyrir söfnin. Fyrsti fundur byggingarnefndar menningarhússins var haldinn árið 2024 og þar með er undirbúningur fyrir samkeppni um hönnun hússins hafinn.

Ekki bara geymsla!

Þessi áhersla forstöðumanna á bætt varðveislurými hefur verið knúin áfram af nauðsyn en hún hefur mögulega valdið þeim misskilningi að hér sé eingöngu verið að byggja safnageymslur. Sumir hafa jafnframt haldið því fram að „geymslur væru ekki menning“. En hvað er menning?

Samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs er menning „þroski mannlegra eiginleika mannsins, það sem greinir hann frá dýrum, þjálfun hugans, andlegt líf.“ Íslensk orðsifjabók bætir því við að menning sé „þroski hugar og handa; ... það að manna einhvern ... þróun, efling, siðmenning“. Orðabók Menningarsjóðs segir líka að menning sé „sameiginlegur arfur (venjulega skapaður af mörgum kynslóðum) ... rótgróinn háttur, siður“. Hin Íslenska alfræðiorðabók Arnars og Örlygs segir að menning sé „sú heild þekkingar, siðferðis, trúar og tákna sem er undirstaða mannlegs samfélags“.

Varðveisla menningararfsins virðist nú falla ágætlega að þessum skilgreiningum en augljóslega hefur orðið „menning“ mismunandi merkingu í hugum manna. Menningarhúsinu er líka sannarlega ætlað mun stærra hlutverk en að vera geymsla því húsið skal verða „lifandi miðstöð lista og fræða í Skagafirði“ eins og segir í þarfagreiningunni. Í menningarhúsinu verður listum gert hátt undir höfuð með rými fyrir sviðslistir og listsýningar og má fullyrða að aðstaða til listsköpunar muni batna til muna.

Ekki bara listir!

Samkvæmt fyrrgreindri skilgreiningu þá er þekking og þroski einnig mikilvægur hluti menningar og þar kemur þáttur **fræða** í menningarhúsinu til sögunnar. Í Safnahúsinu hefur frá upphafi verið lögð áhersla á skagfirsk fræði, bæði með fræðastörfum einstaklinga en einnig með starfssemi Sögufélags Skagfirðinga. Þá þurfa söfnin einnig að sinna rannsóknarvinnu; á sögu héraðs, byggingararfi og á safnkosti vegna skráningarvinnu, stefnumörkunar, sýningarhalds, námskeiðshalds og annarra viðburða.

Á síðustu misserum hafa söfnin í Skagafirði lagt sig fram við að auka tengsl við almenning með fjölbreyttum viðburðum, námskeiðshaldi og sýningum. **Grúsknámskeið** héraðsskjalasafnsins og héraðsbókasafnsins er gott dæmi um slíkt verkefni en þar var lögð áhersla á að kenna almenningi að rannsaka söguna og nýta til þess safnkostinn. Með þessu eru söfnin að sýna með áþreifanlegum hætti hver hugmyndafræðin er að baki nýja menningarhússins. Það er einmitt þetta samspil menningar, lista og fræða sem er mjög spennandi nálgun og á eftir að marka sérstöðu menningarhússins á landsvísu.

Við erum hvert og eitt að berjast fyrir mismunandi málefnum. Íþróttahreyfingin er sífellt að berjast fyrir bættri aðstöðu fyrir íþróttafólk, skólafólk að berjast fyrir bættri aðstöðu fyrir nemendur og kennara og svona mætti lengi telja. Fyrir vikið er fólk aldrei fullkomlega sammála um forgangs röðun framkvæmda og þannig mun það alltaf vera. Nú er aftur á móti búið að ákveða að leggja vinnu og fjármagn í nýtt menningarhús. Þá er tímabært að færa umræðuna á annað og jákvæðara plan. Fögnuð nýju menningarhúsi og tökum höndum saman um að skapa hér lifandi vettvang menningar í viðri merkingu þess orðs.

Sólborg Una Pálsdóttir

ALMENN STARFSEMI

Héraðsskjalasafnið hefur aðsetur í Safnahúsi við Faxatorg og deilir þar rými með Héraðsbókasafni Skagfirðinga og Listasafni Skagfirðinga sem héraðsskjalasafnið hefur umsjón með.

Héraðsskjalasafnið er opið alla virka daga frá 09:00 til 12:00 og 13:00 til 16:00.

Á safninu eru alla jafna þrjú stöðugildi. Þessum stöðugildum hafa síðustu ár, fjórir starfsmenn skipt með sér. Tveir starfsmenn eru í 100%, einn í 80% og einn í 25%.

Um nokkra ára skeið hefur Sveinn Sigfússon veitt okkur ómælda aðstoð við skráningu ljósmynda. Undanfarið hefur áherslan verið á hið viðamikla ljósmyndasafn Stefáns B. Pedersens.



STARFSFÓLK



Dagur Magnússon
Skönnun og skráning

Dagur hefur starfað á safninu frá 2016.



Elín Sigurðardóttir
Skjalavörður

Elín hóf störf á safninu árið 2024 en hafði áður starfað við safnið í tímabundnu verkefni árið 2022.



Jónheiður K. Sigurðardóttir
Sérfræðingur á safni


Jónheiður Kristín hóf störf á safninu árið 2023.



Sólborg U. Pálsdóttir
Héraðsskjalavörður

Sólborg Una hefur starfað á safninu frá árinu 2014.


FYRIRSPURNIR



FYRIRSPURNIR VARÐANDI SAFNKOST ERU AÐ JAFNAÐI 150 TIL 200 Á ÁRI

Fjöldi fyrirspurna gefur okkur nokkra hugmynd um umfang fyrirspurna en rétt er þó að taka fram að fyrirspurnirnar eru misviðamiklar. Í sumum tilvikum er auðvelt og fljótlegt að svara þeim, í öðrum tilvikum kostar fyrirspurnin nokkurra daga rannsóknarvinnu. Afgreiðsla fyrirspurna opinberra aðila taka til dæmis oft á tíðum lengri tíma en fyrirspurnir einstaklinga.

TEGUND FYRIRSPURNA




Við höfum undanfarin ár flokkað fyrirspurnir eftir eðli þeirra. Stór hluti fyrirspurna hverfist um ljósmyndasafnið. Annar stór hluti fyrirspurna er heimildaleit en þá er viðkomandi að leita að heimildum um tiltekið efni án þess að hafa sérstök skjöl í huga. Í slíkum tilfellum veitum við aðstoð við að finna heimildir sem gætu komið að gagni. Fyrirfram var búist við því að leit að tilteknum skjölum færi vaxandi eftir því sem skjalaskrá safnsins verður aðgengilegri á netinu en það virðist ekki koma fram í tölum um fyrirspurnir fyrr en nú, árið 2024.

MIKIÐ ER SÓTT Í LJÓSMYNDASAFNIÐ EN FYRIRSPURNUM UM TILTEKIN GÖGN ÚR SKJALASKRÁ FER FJÖLGANDI.

LEIÐ

HVERNIG ERU FYRIRSPURNIRNAR LAGÐAR FRAM?




Við höfum haldið utan um það hvernig fyrirspurnir eru lagðar fram, þ.e. hvort viðkomandi komi á skjalasafnið, sendi tölvupóst eða hringi í safnið. Það er ekki hægt að merkja miklar breytingar hvað þetta varðar að undanskildu árinu 2022 þegar heimsóknum á safnið fækkaði nokkuð. Mögulega eru hér afleiðingar COVID að koma í ljós en einnig má ætla að aukin tölvunotkun almennings verði til þess að samskiptin fari meira fram í gegnum tölvupósta/net.

ÞRÁTT FYRIR AUKIÐ
AÐGENGI AÐ SKJALASKRÁ
OG SAFNKOSTI Á NETINU ER
ENN VERIÐ AÐ HEIMSÆKJA
SKJALASAFNIÐ TIL AÐ
RANNSAKA SAFNKOSTINN.

ÞJÓNUSTUÞEGAR

HVAÐA AÐILAR LEGGJA FRAM FYRIRSPURNIR UM SAFNKOST?




Langstærstur hluti þeirra sem sækja þjónustu safnsins varðandi safnkost eru einstaklingar. Einstaklingar eru oft að sinna sögu- eða ættfræðirannsóknnum en einnig að kanna hvaða heimildir sé að finna um þá sjálfa, t.d. varðandi skólagöngu o.s.frv. Þessi þáttur fer vaxandi. Sögufélag Skagfirðinga hefur lengi verið nokkuð stór hluti þeirra sem sækja þessa þjónustu enda er meginverkefni þess félagsskapar að rannsaka skagfirsku sögu.

EINSTAKLINGAR VIRÐAST SÆKJA MEST ÞJÓNUSTU SAFNSINS HVAD VARÐAR FYRIRSPURNIR UM SAFNKOST.

UPPRUNI

HVAR ERU ÞJÓNUSTUÞEGAR BÚSETTIR?




Alla jafna er meirihluti þeirra er leggja fram fyrirspurnir um safnkostinn búsettir innan starfssvæðis héraðsskjalasafnsins, þ.e. í Skagafirði. Árið 2022 sker sig þó úr en þá voru óvenjumargar fyrirspurnir sem áttu uppruna sinn utan Skagafjarðar. Þegar þær fyrirspurnir eru kannaðar frekar má sjá að stór hluti þeirra tengdust sagnfræðirannsóknnum sem er mjög jákvæð þróun en héraðsskjalasöfnin hafa um langan tíma reynt að draga fram mikilvægi héraðsskjalasafna í slíkum rannsóknum.

**50% - 60% FYRIRSPURNA
KOMA FRÁ ÍBÚUM OG
STOFNUNUM Í SKAGAFIRÐI.**

FJÖLDI AFHENDINGA

Fjöldi afhendinga




Afhendingar til safnsins eru að jafnaði milli 40 til 50 á ári. Nýtt met var sett árið 2021 en þá fóru afhendingar upp í 68 talsins. Mögulega nýtti fólk og stofnanir covid í tiltekt. Fjöldi afhendinga segir þó ekki allt um umfangið. Þar sem þröngt er um varðveislurými þarf nú að spyrja áleitinna spurninga um hvort setja þurfi takmarkanir á umfang eða fjölda afhendinga eða jafnvel taka fyrir allar afhendingar þar til húsnæðisvandi skjalasafnsins verður leystur. Afleiðingar slíkra aðgerða gætu þó kostað okkur merkilegar heimildir sem færu á aðrar varðveislustofnanir utan héraðsins eða þeim yrði fargað.

AFHENDINGAR ERU AÐ JAFNAÐI 40 TIL 50 Á ÁRI. MIKILL SKORTUR Á VARÐVEISLURÝMI TAKMARKAR ÞAÐ MAGN GAGNA SEM VIÐ GETUM TEKIÐ Á MÓTI.

SKRÁNING

FJÖLDI SKRÁNINGA Í SKRÁNINGARKERFI HÉRAÐSSKJALASAFNSINS




Það er misjafnt hversu mörg söfn hafa verið skráð á ári, allt frá 15 og upp í 120 söfn. Hér er miðað við skráningu í núverandi skráningarkerfi héraðsskjalasafnsins, **atom.skagafjordur.is**. Í sumum tilvikum er verið að færa eldri skráningar yfir í nýja skráningarkerfið en það kallar samt alltaf á nokkra endurskoðun og samræmingu. Skráning ljósmyndasafna tekur oft lengri tíma því þá er hver ljósmynd greind og skráð. Það verður líka að taka tillit til þess að umfang skráðra skjalasafna (í hillumetrum) er mjög mismunandi.

SKRÁNING SAFNA Í SKRÁNINGARKERFI ER FRÁ 15 OG UPP Í 120 Á ÁRI. NÝTT MET VAR SETT Í FJÖLDA SKRÁNINGA ÁRIÐ 2024 EN ÞÁ VORU 148 SKJALASÖFN SKRÁÐ Í SKRÁNINGAKERFIÐ ATOM.

SKRÁNING

UMFANG SKRÁÐRA SKJALASAFNA

Skráningar út frá umfangi



Árið 2018 voru einungis 15 söfn skráð í skráningarkerfi héraðsskjalasafnsins en það segir ekki alla söguna því umfang þessara safna var 44 hillumetrar. Árið 2021 var lögð áhersla á að yfirfara þær skráningar sem þegar voru komnar í kerfið og kanna stöðu skjalavörslu sveitarfélagsins og stofnana þess. Fyrir vikið var minna skráð árið 2021, hvort sem litið er til fjölda safna eða umfangs þeirra.

Á árinu 2024 var lögð áhersla á að yfirfara og endurskrá eldri einkaskjalasöfn, svokallað E-safn. Fyrir vikið er hlutfall skráðra einkaskjalasafna yfirgnæfandi meirihluti skráninga á árinu 2024. Einkaskjalasöfn eru alla jafna mun minni að umfangi en opinber.

**NOKKUÐ MISMUNANDI
ER HVERSU MARGIR
HILLUMETRAR ERU
SKRÁÐIR Á ÁRI HVERJU.**

ÁBYRG SKJALAVARSLA


Á ÁRINU 2024 SAMÞYKKTÍ SVEITARSTJÓRN SKAGAFJARÐAR SKJALASTEFTU SVEITARFÉLAGSINS.

Markmiðið með skjalastefnu Skagafjarðar er tvíþætt. Í **fyrsta lagi** að tryggja að skráning, meðferð og varðveisla skjala sé í samræmi við lög, reglugerðir og reglur þar að lútandi. Í **öðru lagi** að lýsa yfir ákvörðun sveitarfélagsins um að fara í rafræn skil til opinbers skjalasafns sem lið í stafrænni umbreytingu. Til að ná þessum markmiðum verður farið í eftirfarandi aðgerðir:

1. Kortleggja þau gagnakerfi og gagnasöfn sem eru í notkun hjá sveitarfélaginu. Taka þarf ákvörðun um hvað skuli gera við kerfi sem ekki uppfylla kröfur um rafræn skil.
2. Efla fræðslu um meðferð, skráningu og varðveislu skjala.
3. Kynna á markvissan hátt skjalastjórnun og ábyrgð stjórnenda og starfsmanna.
4. Fræða starfsmenn um notkun skjalastjórnunarkerfis sveitarfélagsins.
5. Tryggja aðgengi og öryggi gagna með rýni á aðgangshópa.
6. Yfirfara og einfalda málalýkla og skjalavistunaráætlanir með það að leiðarljósi að nýta þá möguleika sem rafræn skjalastjórnun og skjalavarsla býður uppá.
7. Tryggja að öll gagnakerfi séu tilkynnt til Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.
8. Móta verklag sem tryggir að ný gagnakerfi uppfylli kröfur um rafræn skil.

Nú þegar er hafin vinna við að yfirfara málalýkil og hafa skjalastjóri og héraðsskjalavörður hitt forstöðumenn og sviðsstjóra til að fá innlegg starfsmanna um hvernig málalýkillinn gæti sem best þjónað þeirra þörfum. Á tímabilinu 2023-2024 var gerð forkönnun á þeim gagnakerfum og gagnasöfnum sem eru í notkun hjá sveitarfélaginu en nú þarf að gera nákvæmari kortlagningu auk þess að hefja tilkynningar á rafrænum kerfum til skjalasafnsins. Á árinu 2025 verður haldið áfram að vinna eftir aðgerðaáætluninni og stíga enn frekari skref í átt að stafrænni umbreytingu og ábyrgari skjalavörslu.

Skjalastefnu Skagafjarðar má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins, skagafjordur.is.



SÉRVERKEFNI 2024

HÉR MÁ SJÁ NOKKUR DÆMI UM SÉRVERKEFNI SEM STARFSFÓLK
HÉRAÐSSKJALASAFNSINS VANN AÐ ÁRIÐ 2024.

janúar

Héraðsskjalasafnið og héraðsbókasafnið tóku höndum saman og buðu upp á **námskeið í grúski**. Þátttaka á námskeiðinu fór fram úr vonum en 26 voru skráðir á námskeiðið. Farið var yfir heimildaöflun á netinu, bókasöfnum og skjalasöfnum auk þess að fjalla um möguleika á framsetningu efnis. Ef marka má þennan áhuga mætti gjarnan bjóða upp á fleiri sambærileg námskeið.




febrúar

Á grúsk-námskeiðinu höfðu þátttakendur sýnt áhuga á því að héraðsskjalasafnið héldi **ljósmyndagreiningafund** þar sem fólk kæmi saman og færu yfir gamlar ljósmyndir í þeim tilgangi að greina myndefnið. Gerð var tilraun með þetta í febrúar. Tókst vel til og ákveðið að halda áfram með slíka fundi. Þátttaka hefur vaxið með hverjum fundinum. Stefnt er á mánaðarlega fundi yfir veturinn.



mars- maí

Sett var upp sýning á ljósmyndum úr safni **Stefáns B. Pedersen**. Í Safnahúsinu mátti sjá ljósmyndir upp á veggjum sem Stefán hafði sjálfur valið á sínum tíma til sýningar. Til viðbótar gekk myndasýning á skjá þar sem fólk gat staldrað við og horft á sýninguna. Að auki mátti sjá brot að málverkum eftir Stefán. Til að vekja athygli á þessu mikla ljósmyndasafni voru einnig sett upp plaköt í reiðhöllinni með myndum Stefáns af hestum og hestamönnum. Mikið var um að vera í reiðhöllinni á þessum tíma og því kjörið að ná til fólks sem alla jafna leggur ekki leið sína í Safnahúsið. Ljósmyndasýningin í Safnahúsinu var opnuð formlega í Sæluviku og stóð fram á sumar.



júní-
ágúst

Allt frá því að verndarsvæði í byggð voru samþykkt fyrir Sauðárkrók og Hofsós hefur verið rætt um að setja upp **skilti** á þessum stöðum til að kynna verndarsvæðin fyrir gestum og gangandi. Sveitarfélagið fékk styrk frá Brunbótafélagi Íslands til verkefnisins en Ólína Sif Einarsdóttir hannaði skiltin. Hérðasskjalasafnið vann íslenska textann. Á skiltin voru settir QR-kóðar sem vísa í storymap-síður á vegum héraðsskjalasafnsins og segja sögu nokkurra húsa. Bæta má við upplýsingum þar þegar tími og tækifæri gefst.



sept.-
ókt.

Starfsmenn héraðsskjalasafnsins héldu til Skálholts á ráðstefnu héraðsskjalasafna. Þessar ráðstefnur eru frábært tækifæri til að fræðast um verkefni og vinnulag annarra skjalasafna.

Þann 6. október voru liðin 117 ár frá fæðingu stórsöngvarans Stefáns Íslandi (Stefán Guðmundsson). Af því tilefni var gerð stutt kynning um ævi hans og þau gögn sem skjalasafnið varðveitir frá honum. Kynningin var látin ganga á skjá í Safnahúsi.

Ný stofnskrá fyrir Héraðsskjalasafn Skagfirðinga var samþykkt af sveitarstjórn 23. október.



nóv.-
des.

Héraðsskjalasafnið hefur undanfarin ár fengið styrk frá Þjóðskjalasafni Íslands til að búa til stafræn afrit af völdum gögnum. Afritin eru tengd við skjalaskrána en einnig má sjá yfirlit yfir þau á heimasíðu safnsins.

Árlega hefur héraðsskjalasafnið gert jólahlaðvarpspátt. Að þessu sinni var tekið viðtal við Gunnar Rögnvaldsson staðarhaldara að Löngumýri. Gunnar sagði frá ýmsum skemmtilegum minningum um jólahald.




MARKMIÐ OG ÁRANGUR 2024

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ SETTI SÉR NOKKUR MÆLANLEG MARKMIÐ FYRIR ÁRIÐ 2024.

Markmið	Staða	Skýring
Unnin drög að skjalastefnu sveitarfélagsins í samvinnu við skjalastjóra.	100%	Skjalastefnan hefur þegar verið samþykkt af sveitarstjórn.
Beita sér fyrir endurskoðun á málalykli sveitarfélagsins með rafræn skil í huga.	100%	Skjalastjóri er að vinna að endurskoðun málalykils með stuðningi frá héraðsskjalasafninu.
Undirbúningur fyrir móttöku rafrænna gagna sveitarfélagsins.	100%	Þátttaka í starfsemi Miðstöðar héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu.
Yfirfara og yfirfæra eldra einkaskjalasafn (E-safn). Skrá í Atom E-80-E129.	100%	Ár árinu var skráð í Atom E-59 til E-148.
Skrá í Atom eldri handritaskráningu safnsins. Stefnt á að koma 20% þeirrar skráningar í Atom á árinu.	50%	Ekki tókst að ljúka við markmið vegna uppfærslu á skráningarkerfinu Atom.
Ljúka skráningu á Korta- og teikningasafni.	50%	Ekki tókst að ljúka við markmið vegna uppfærslu á skráningarkerfinu Atom.
Gera lýsigögn 100 skjalasafna aðgengileg í samevrópskri vefgátt, Archives Portal Europe.	40%	Gekk hægt að fá staðfestingu á gæði lýsigagna hjá Archives Portal Europe en sú staðfesting er nú í höfn og hægt að vinna hraðar að því að setja lýsigögn þar inn.
Að skráðar og skannaðar myndir úr safni Stefáns B. Pedersen nái 8000 ljósmyndum.	100%	Skannaðar og forskráðar ljósmyndir úr safni Stefáns eru nú þegar rúmlega 14.000 en nauðsynlegt er að fara yfir skráningu og bæta við upplýsingum áður en safnið verður allt gert almenningi aðgengilegt.
Sett verði upp skilti á Sauðárkróki og Hofsósi með upplýsingum um verndarsvæði í byggð.	100%	Tvö skilti unnin í samvinnu við verkefnastjóra sveitarfélagsins. QR-kóði á skiltum gerir okkur kleift að bæta við upplýsingum eftir þörfum.

MARKMIÐ OG ÁRANGUR 2024 FRH.

Markmið	Staða	Skýring
Gerðir verða tveir hlaðvarpsþættir sem byggja á skagfirskum fróðleik og sögu.	50%	Einn hlaðvarpsþáttur varður gerður á árinu; viðtal við Gunnar Rögnvaldsson.
Starfsþróunaráætlun endurskoðuð og uppfærð.	100%	Starfsþróunaráætlun starfsmanna héraðsskjalasafnsins var uppfærð.
Stefnt að fræðsluferð starfsmanna.	50%	Einungis náðist að fara á ráðstefnu héraðsskjalasafna í Skálholti á haustmánuðum.
Stefnt að því að halda námskeið í grúski í samvinnu við héraðsbókasafnið.	100%	Námskeið í grúski var haldið í janúar.
Halda sýningu á ljósmyndum Stefáns B. Pedersen.	100%	Sýning á ljósmyndum Stefáns B. Pedersen var opnuð á Sæluviku í Safnahúsinu en einnig voru sett upp plaköt í reiðhöllinni þar sem ljósmyndaefnið var hestar og/eða hestamenn.



MARKMIÐ 2025

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ HEFUR SETT SÉR NOKKUR MÆLANLEG MARKMIÐ FYRIR ÁRIÐ 2025.

SKJALAVARSLA OG STEFNUMÓTUN

- Héraðsskjalasafnið beitir sér fyrir því að sveitarfélagið leggi fram nýjan málalykil sem tekur mið af rafrænum skilum og vinni drög að nýrri skjalavistunaráætlun.
- Héraðsskjalasafnið heldur áfram að undirbúa móttöku rafrænna og stafrænna gagna í samvinnu við önnur héraðsskjalasöfn á landinu.
- Héraðsskjalasafnið fái og yfirfari **tvær** tilkynningar um rafræn kerfi.
- Könnun um stöðu skjalavörslu verður lögð fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess á árinu 2025.
- Starfsmenn vinni að og leggi fram aðfangastefnu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

SKRÁNING

- Klárað verði að yfirfara og setja inn skráningar einkaskjalasafns sem hefur auðkennið E í eldri skráningu. Á árinu 2024 voru söfnin E00080 til E00147 yfirfarin. Á árinu 2025 er ætlunin að fara yfir **E00148 til E00180**.
- Yfirfara skráningu og birta almenningi **1000** myndir úr safni Stefáns B. Pedersen.
- Haldið verði áfram að skrá og ganga frá Korta- og teikningasafn. Nú þegar er búið að skrá og ganga frá um 60% af safninu. Á árinu 2025 er stefnt að því að **80%** korta- og teikningasafns verði frágengið og skráð í skráningarkerfið Atom.

MIÐLUN

- Héraðsskjalasafn Skagfirðinga hefur undirritað samning um að gera skráningargögn safnsins aðgengileg í vefgáttinni Archives Portal Europe. Stefnt er að því að gera lýsigögn **100** skjalasafna sem skráð eru í skráningarkerfi safnsins aðgengileg í vefgáttinni á árinu.
- Haldið verður áfram að skrá og skanna inn ljósmyndir Stefáns B. Pedersen. Nú þegar er búið að skanna og forskrá um 14000 ljósmyndir. Markmiðið er að komast í **15000** myndir á árinu 2025.
- Bætt verður við upplýsingum á **storymap** um **tvö hús á Hofsósi** og **tvö hús á Sauðárkróki**.
- Gerðir verða **tvær** hlaðvarpsþættir sem byggja á skagfirskum fróðleik og sögu.

INNRA STARF

- Starfsþróunaráætlun héraðsskjalasafnsins verður endurskoðuð og uppfærð í upphafi ársins 2025.
- Stefnt verður að fræðsluferð starfsmanna til Noregs á norræna ráðstefnu skjalasafna.

VIÐBURÐIR

- Héraðsskjalasafnið haldi a.m.k. **6 ljósmyndagreiningarfundi** fyrir almenning á árinu.
- Kvennaár 2025. Vakin verður athygli á jafnréttisbaráttu kvenna í gegnum tíðina.



FYRIRLESTRAR OG KYNNINGAR

- Sólborg Una Pálsdóttir: *Skjalastjórnun og skjalavarsla*. Fræðsla fyrir starfsmenn Byggðasafns Skagfirðinga.
- Sólborg Una Pálsdóttir, Kristín Jónsdóttir: *Skjalavarsla og rafræn skil*. Kynning fyrir starfsmenn Borgarbyggðar.
- Sólborg Una Pálsdóttir: *Einkaskjöl & skjalasöfn*. Ráðstefna héraðsskjalasafna í Skálholti.
- Sólborg Una Pálsdóttir: *Námskeið í grúski*. Kynning á ráðstefnu héraðsskjalasafna í Skálholti.

FRÆÐSLA

Starfsmenn hafa verið duglegir að auka þekkingu sína með því að sækja ýmis námskeið. Hér eru dæmi um námskeið sem starfsmenn hafa sótt en frekari upplýsingar er að finna í starfsþróunaráætlun safnsins.

- *Þarf að bæta skjalavörslu og skjalastjórn?* Námskeið á vegum Þjóðskjalasafns Íslands.
- *Átak í skjalavörslu*. Námskeið á vegum Þjóðskjalasafns Íslands.
- *Frágangur, skráning og afhending pappírsskjala*. Námskeið á vegum Þjóðskjalasafns Íslands.
- *Málasafn, málalykill og málaskrá*. Námskeið á vegum Þjóðskjalasafns Íslands.
- *Inngangur að skjalavörslu og skjalastjórn hins opinbera*. Námskeið á vegum Þjóðskjalasafns Íslands.

LISTASAFN SKAGFIRÐINGA

SAFNKOSTUR LISTASAFNSINS TELUR UM 1800 LISTAVERK EFTIR TÆPLEGA 100 LISTAMENN

Listasafn Skagfirðinga var stofnað árið 1968 og hefur haft aðsetur sitt í Safnahúsinu á Sauðárkróki. Listasafnið hefur staðið fyrir fjölmörgum sýningum í gegnum tíðina en núverandi húsakynni standa slíkum sýningum fyrir þrífum. Listasafnið fær ekki fast rekstrarfé frá sveitarfélaginu heldur er listasafnið rekið fyrir það fé sem fæst fyrir útleigu á listaverkum safnsins. Reksturinn felst aðallega í umsýslu vegna leigu. Nú er lögð áhersla á að nota féð til að hlúa að safninu, þ.e. viðhald, forvörslu og að koma upp viðeigandi hirslum. Héraðsskjalavörður Skagfirðinga Sólborg Una Pálsdóttir veitir listasafninu forstöðu og er í forsvari fyrir það.

Engin stofnskrá lá til grundvallar við stofnun safnsins en í kringum 1979-1980 var því beint til sýslunefndar að skipa hóp til að vinna skipulagsskrá. Það gekk þó ekki eftir og því orðið mjög brýnt að leggja fram samþykktu stofnskrá fyrir listasafnið. Á árinu vann héraðsskjalavörður með góðum stuðningi frá sviðsstjóra fjármála og stjórnsýslu sveitarfélagsins stofnskrá fyrir safnið sem var samþykkt samhljóða í sveitarstjórn Skagafjarðar þann 23. október 2024. Stofnskrá Listasafns Skagfirðinga má nálgast á heimasíðu héraðsskjalasafnsins:
<https://heradsskjalasafn.skagafjordur.is/is/listasafn/stofnskra>.

Á árinu fékk safnið eftirfarandi listaverk að gjöf:

- Tvö verk eftir Jens Urup.
Gefendur: Stefanía Arnórsdóttir og Jón Benedikt Björnsson.
- „Hofstaðir“, málverk eftir Thorvald Antonius Molander.
Gefandi: Valur Sverrisson.
- Sauðárbrúin, málverk eftir Sigurð Sigurðsson.
Gefandi: Auður Torfadóttir.

Þökkum við gefendum kærlega fyrir gjafirnar.

Að auki keypti listasafnið tvö verk eftir Ágúst Eiðsson.

Framundan er vinna við gerð safnastefnu fyrir listasafnið en einnig er orðið aðkallandi að yfirfara skráningu listaverkanna.



HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA

JÚNÍ 2025